



Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2014

**Efni:** Umsögn SFR um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum, nr. 60/1996, með síðari breytingum, þingskjal 459-251, mál.

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 með síðari breytingum.

Í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins kemur fram að „ráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum undirbúning þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um“. SFR leggur ríka áherslu á að tryggj sé að haft verði samráð við stéttarfélög starfsmanna. Þá hafa vinnuhópar vegna breytinganna verið skipaðir og kemur fram af greinagerð um þá frá innanríkisráðuneytinu að það sé stefna ráðuneytisins að hafa samráð og samstarf við starfsfólk og hagsmunasamtök innan lögreglunnar. Þá var skipaður vinnuhópur um starfsmannamál (vinnuhópur 3) en þar situr einungis fulltrúi lögreglumanna. SFR – stéttarfélag í almannapjónustu ítrekar þá beiðni sína enn og aftur um að félagið fái aðkomu að málefnum starfsmanna enda kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að „*gert er ráð fyrir að verkefnahópar starfsmanna fái mikilvæg hlutverk í þessu sambandi*“.

Þá má sjá af athugasemdunum við frumvarpið að eftir standa afar mikilvægir þættir er varða réttindi starfsmanna. Fram kemur í frumvarpinu að leitast skuli við að sjá til þess að enginn af núverandi starfsmönnum verði atvinnulaus við breytingarnar, þá er staðsetning lögreglustöðva ekki enn ákveðin, breytingar á starfsmannahaldi og ekki liggur fyrir mat á mögulegum biðlaunarétti starfsmanna.

SFR hvetur til þess að sú góða reynsla og þekking sem skapast hefur við sameiningu annarra stofnana verði nýtt starfsmönnum í hag. Lykillinn að farsælum umbótum er að starfsmenn séu hafðir með í ráðum. Þetta hefur ítrekað komið fram og hefur sameining skattstofa oft verið notuð sem dæmi um farsæla sameiningu einmitt vegna þessa. Þar voru starfsmenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum frá upphafi og stuðlað var að almennri þátttöku þeirra í stefnumótuninni. Reynsla SFR af sameiningu skattstofanna er afar góð. Félagið hefur því miður reynslu af því andsæða en það var við sameiningu stofnana sem einnig eru á forræði innanríkisráðuneytisins. Þá voru fjórar stofnanir sameinaðar í tvær


nýjar samgöngustofnanir: Samgöngustofu og Vegagerð. Hagsmunaaðilar starfsmanna voru ekki hafðir með í ráðum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.

Vegna áætlana fjármála- og efnahagsráðherra um að móta heildstæða umbótastefnu og stefnu um þær umbóta- og hagræðingaraðgerðir sem til stendur að vinna á kjörtímabilinu leggur SFR – stéttarfélag eftirfarandi til:

- Að búnar verði til verklagsreglur í samráði við stéttarfélagin um hvernig staðið verði að kjörum og réttindum starfsmanna þegar umbætur og hagræðingaraðgerðir eru framkvæmdar innan hins opinbera.
- Að markmiðið með þessu verði að skýra hvaða skyldum ríkið gegnir gagnvart mannauðnum á viðkomandi stofnun og til hvaða aðgerða ber að grípa til að tryggja að vinnubrögð séu í samræmi við vandaða stjórnsýslu.


Með því að hlúa að starfsmönnum verður hlutverki hins opinbera best sinnt.

Virðingarfyllst,



---

Árni Stefán Jónsson, formaður  
SFR – stéttarfélag í almannajónustu



---

Alma Lía Jóhannsdóttir  
SFR – stéttarfélag í almannajónustu